



Alþýðusamband Íslands

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
101 Reykjavík

Reykjavík, 14.02.2022
Tilvísun: 202201-0042

Efni: Tillaga til þingsályktunar um afnám 70 ára aldurstakmörkunar í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins – umsögn Alþýðusambands Íslands (ASÍ)

ASÍ fagnar því að málið sé lagt fram á ný og ítrekar þá umsögn sem veitt var um málið er það var lagt fram á 151. löggjafarþingi, en þar segir:

ASÍ er hlynnt því að frá hverskonar órókstuddri og ómálefnalegri mismun vegna aldurs verði horfið. Markmið tillögunnar er að hefja umræðu í samráði við samtök opinberra starfsmanna um breytingar á lögum nr. 70/1996 sem gert geti starfsmönnum ríkisins kleift að vinna eftir 70 ára aldur, kjósi þeir það. Breytingar í þessu efni varða hins vegar ekki einungis samtök opinberra starfsmanna og munu ef af verður geta haft áhrif á kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ við ríki og sveitarafélög sem ýmist geyma samkynja ákvæði eða vísa til laganna. Það er skoðun ASÍ að allar breytingar sem varða starfskjör launafólks hjá hinu opinbera eigi að vinna í samvinnu viðeigandi aðila kjarasamninga, þar með talið þau aðildarsamtök ASÍ sem semja við ríki og sveitarfélög en ekki einungis samtök opinberra starfsmanna.

Jafnframt vill ASÍ vekja athygli nefndarinnar á nýföllum úrskurði kærunefndar jafnréttismála (mál nr. 6/2021 – frá 31. janúar 2022), þar sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu að Isavia ANS ehf. hafi mismunað umbjóðanda undirritaðs sem er félagsmaður í einu af aðildarfélögum ASÍ með því að taka ákvörðun um starfslok hans eingöngu byggða á aldri hans. Þrátt fyrir úrskurðurinn fjalli um stöðu einstaklinga utan gildissviðs laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þá hljóta þau sjónarmið sem fram koma í úrskurðinum að hafa þýðingu fyrir það mál sem hér er um fjallað.

f.h. ASÍ

Halldór Oddsson lögfr.
halldoro@asi.is / s. 5355600



Alþýðusamband Íslands